

Föstudaginn 4. október 1957.

Nr. 108/1956. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)

gegn

**Kristjáni Gestssyni** (Gunnar J. Möller hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór  
B. Lindal.

Manndráp og líkamsmeiðing af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

### Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að dómur gekk í héraði. Geir Bachmann bifreiðaeftirlitsmaður, sem þá kom fyrir dóm, kvað veginn, þar sem slysið varð, liggja tæpt á hárrí melbrún með nokkrum hliðarhalla, og hafi ytri brún vegarins, sem liggur í brekkubrúninni, verið mjög laus. Kvað hann mikla rigningu hafa verið uppi við Þverárrétt allan slysdaginn. Vegurinn hafi því verið mjög blautur, en sökum hliðarhallans á honum, þar sem slysið varð, hafi þar ekki verið neinir pollar, og engar vilpur eða slörk hafi verið á veginum þar í nánd. Ólafur Jónsson, sem ók bifreiðinni M 145 og mætti bifreið ákærða, rétt áður en slysið varð, svo sem greinir í héraðsdómi, kom einnig fyrir dóm, er framhaldspróf voru háð. Bar vætti hans saman við skýrslu Geirs Bachmanns um veðurfar slysdaginn og ástand vegarins, að því leyti sem hann var um það spurður. Vitni þessi voru bæði eiðfest.

Eggert Einarsson, héraðslæknir í Borgarnesi, kom einnig að nýju fyrir dóm hinn 25. marz þ. á. Lýsti hann því, að allir hinir slösuðu farþegar, að Andrési Björnssyni undanteknum, hefðu náð sér eftir vonum. Kvað hann sér ekki vera kunnugt um, að neinn þeirra hefði hlotið varanleg örkuuml. Hins vegar hafi Andrés Björnsson, eftir að hann var gróinn sára sinna, „sýnt æ meiri andleg örkuuml, sem ætla má, að standi í sambandi við slysið“.

Ákærði hafði áður ekið um veginn, þar sem slysið varð. Með því að honum var ljóst, að vegurinn var mjög varasamur í brekkubrúninni, bar honum að sýna sérstaka varfærni, er hann ók þar um. Hann hafði og meðferðis 9 farþega í bifreiðarhúsinu og auk þess lausan sauðfénað á palli bifreiðarinnar, sem gerði aksturinn enn varhugaverðari. Orsakir slyssins má rekja til þess, að ákærði hafi ekið of tæpt á brekkubrúninni og lent við það í hinni lausu mól, sem þar var. Með þessum ógætilega akstri og þeim afleiðingum, sem þar af hlutust, hefur hann gerzt sekur við lagaboð þau, sem hann er dæmdur eftir í héraðsdómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og bera að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Kristján Gestsson, greiði 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars Möllers, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Sératkvæði

#### Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.

Bifreið ákærða var mjög hlaðin, er haldið var úr Þverárrett að kvöldi hins 28. september 1955, og nokkur hluti farms-

ins, um 20 lausar kindur, á palli, þannig að gæta þurfti sérstakrar varúðar um akstur. Veður var óhagstætt, mikil rigning, og hafði svo verið um daginn. Leið ákærða lá að slóðum, þar sem veltuhætta var mikil, ef eitthvað bar út af, og þekkti ákærði þá staðhætti. Að svo vöxnu máli bar ákærða að gæta ýtrustu varúðar í akstri á nefndri leið, en mjög skorti á þá varúð, er ákærði ók bifreiðinni út af veginum og síðan upp á hann aftur. Á hann því með gáleysi sök á hinu stórfellda slysi. Með atferli þessu hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og gegn 9. gr. bifreiðalaganna og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga með því að aka bifreiðinni án hraðamælis. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 60 daga. Þá ber og samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð mitt er því þannig:

Ákærði, Kristján Gestsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Hann er sviptur ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. marz 1956.**

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Kristjáni Gestssyni, afgreiðslumanni í Borgarnesi, fyrir að hafa miðvikudaginn 28. sept. s.l. ekið bifreiðinni M 37 hraðamælislausri, eftir atvikum of hratt og án nægrar aðgæzlu eftir veginum frá Þverárrétt í Borgarfirði, þannig að hún valt út af veginum með þeim afleiðingum, að tveir af farþegunum, Einar Ólafsson og Sveinn Skarphéðinsson, sem í henni voru, slösuðust svo mjög, að þeir létust, en hinir farþegarnir, sjö að tölu, slösuðust meira og minna. Í ákæruskjalinu, sem er útgefið 19/12 f. á., er ákærði talinn hafa brotið 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

9. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, svo og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Kröfur í ákæruskjali eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15/4. 1909, og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. sept. 1955 ók ákærði bifreið sinni, M 37, sem er hálfkassabifreið fyrir 10 farþega og er tryggð sem atvinnubifreið hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands, frá Borgarnesi upp að Þverár-rétt. Voru í bifreiðinni með honum uppeftir 9 farþegar. Ákærði dvaldist í réttinni allan daginn, en kl. 6 um kvöldið ók hann burt úr réttinni og ætlaði til Borgarness. Áður en hann fór af stað, tók hann á pall bifreiðarinnar ca. 20 kindur, er Þórólfur Þorvaldsson í Borgarnesi átti. Er ekið var burt frá réttinni, voru 10 menn í húsi bifreiðarinnar, og sátu þeir, eftir því sem næst verður komið, þannig:

Ákærði sat undir stýri bifreiðarinnar. Í framsæti til hliðar við hann sat Þórólfur Þorvaldsson, verkamaður frá Borgarnesi. Í miðsæti sat Einar Ólafsson, verkamaður í Borgarnesi, fyrir aftan bifreiðarstjóran, þá Sveinn Skarphéðinsson, verkamaður í Borgarnesi, þá Halldór Gestsson, verkamaður í Borgarnesi, og loks Ingimundur Sæmundsson, verkamaður í Reykjavík. Í aftursæti sat Þórður Jónsson, verkamaður í Borgarnesi, fyrir aftan Einar Ólafsson, þá Andrés Björnsson, verkamaður í Borgarnesi, þá Guðmundur Egilsson, unglingspiltur í Borgarnesi, og loks Gunnar Kristjánsson, unglingspiltur í Borgarnesi, sonur ákærða.

Ákærði, sem hefur viðurkennt, að enginn hraðamælir hafi verið í bifreiðinni M 37, kveðst hafa ekið frá réttinni með á að gizka 25 km hraða. Ber honum um það að mestu saman við farþega þá, er voru í bifreiðinni, því þeir segja sumir, að hann hafi ekið hægt, en aðrir gizka á, að hann hafi ekið á allt að 30 km hraða. Er komið var nokkuð frá réttinni, liggur vegurinn, sem var ruddur vegur á melholti, niður nokkra brekku og utarlega í brekkubrúninni. Segir ákærði, að þá hafi komið á móti sér vörubifreiðin M 145, og hafi bifreiðarnar mætt, rétt eftir að M 145 kom upp á brekkubrúnina. Kveðst hann þá hafa dregið úr ferð bifreiðar sinnar, en kveðst þó eigi viss um, að hann hafi skipt um ganghraðastig, og síðan vikið til vinstri út af götunni og út á melinn. Þar sem bifreiðin, er á móti kom, vék eigi það mikið til hliðar, að hann gæti mætt henni án þess að fara út

fyrir vegarslóðina. Nokkrir farþega þeirra, er í bifreiðinni voru, segjast hafa tekið eftir því, er hún mætti bifreiðinni M 145, en aðrir þeirra segjast eigi hafa tekið eftir því, er bifreiðarnar mættust, því farið hafi verið að skyggja, blautt var um og rigning og því illa sétt út um rúður bifreiðarinnar, er voru óhrein- ar. Bifreiðarstjórinn á M 145, Ólafur Jónsson, bóndi á Kaðals- stöðum, segir, að hann hafi veitt því eftirtekt, er hann ók upp brekkuna, að bifreiðin M 37 kom á móti honum, og virtist, að dregið væri úr ferð hennar í þeim tilgangi, að bifreiðarnar eigi mættust, fyrr en M 145 væri komin upp brekkuna, og kveðst hann hafa farið fram hjá M 37 uppi á brekkubrúninni, og hafi hún þá verið á litilli ferð eða sem næst stöðvuð. Síðar kveðst hann hafa athugað fjarlægðina frá þeim stað, er bifreiðarnar mættust á, og til þess staðar, er bifreiðin M 37 fyrst lenti út af veginum, og telur hann hana 25—40 metra.

Ákærði segir, að er hann var kominn fram hjá bifreiðinni M 145, hafi hann ætlað að sveigja bifreiðina M 37 inn á veginn aftur. Tókst honum það, en þá rann hún áfram til hægri, yfir veginn og út á brekkubrúnina. Kveðst hann þá hafa fundið, að hann hafði eigi vald á að snúa stýrinu, og virtist, að það stæði fast. Rann nú bifreiðin áfram með hægri hjólin út af veginum, og reyndi hann að sveigja hana upp á veginn aftur, en tókst það eigi, og er hún hafði runnið þannig um 13 metra áfram, valt hún niður brekkuna nokkrar veltur og stöðvaðist á hvolfi í mýri fyrir neðan brekkuna, um 35 metra frá þeim stað, er henni hvolfdi. Farþegar þeir, er í bifreiðinni voru, segjast hafa merkt það, er bifreiðin var komin til hægri út af veginum og fór að hallast, en enginn þeirra, nema Andrés Björnsson, kveðst hafa heyrt ákærða tala um það, er bifreiðin fór út af veginum, að bifreiðin léti ekki að stjórn, því stýrið væri ekki í sambandi.

Er bifreiðin M 37 eftir veltuna lá á hvolfi niðri í mýrinni, komu fyrstir á slysstaðinn þeir Haukur Jörundsson, kennari á Hvanneyri, og Ellert Finnbogason, kennari á Bárustöðum, er í þessum svifum voru að koma í bifreið í réttina. Rétt á eftir komu margir menn frá Þverárrétt á vettvang. Þeir ákærði, Hall- dór bróðir hans og Guðmundur Egilsson höfðu þá af sjálfsdáð- um komizt út úr bifreiðarflakinu, en hinir sjö lágu undir því. Þeir Haukur og Ellert reyndu að lyfta flakinu, svo það hvíldi sem minnst á mönnum þeim, er undir því lágu, og þegar fleiri menn komu að, var bifreiðargrindinni velt ofan af þeim. Kom þá í ljós, að þeir Einar Ólafsson og Sveinn Skarphéðinsson voru látnir af höfuðáverkum. Andrés Björnsson var með stórt svöðu-

sár á höfði. Þórólfur Þorvaldsson var sár á höfði og rifbrotinn, Þórður Jónsson var rifbrotinn og marinn. Aðrir voru marðir og með smáskránum, en Gunnar Kristjánsson var í yfirliði. Var þegar í stað náð símasambandi við héraðslæknana á Kleppjárnsreykjum og í Borgarnesi og þeir kvaddir á vettvang. Jafnframt var náð símasambandi við Akranes og fengin þaðan sjúkrabifreið. Lík hinna látnu voru flutt til Borgarness, en hinir slösuðu voru fluttir í þinghúsið við Þverárrétt, og gerðu lækarnir þar að sárum þeirra. Voru þeir Andrés Björnsson og Gunnar Kristjánsson síðan fluttir í sjúkrabifreið á sjúkrahúsið á Akranesi, en hinir fluttir í Borgarnes.

Bifreiðaeftirlitsmaður Geir G. Bachmann í Borgarnesi athugaði flak bifreiðarinnar M 37 eftir slysið. Telur hann, að hemlar hennar hafi verið í fullkomnu lagi. Hann segir, að „Spindilboltar“ hafi verið dálítið slitnir, en eigi verulega, og stýrissambönd í lagi. Loks athugaði hann með tveimur bifvélavirkjum úr Borgarnesi stýrisgang bifreiðarinnar. Tóku þeir í sundur stýrisvél hennar og framhjól af henni og fundu eigi neitt athugavert, nema hvað „Togstöng“ var bogin, en telja, að hún beri þess merki, að hún hafi bagnað, er bifreiðin valt niður brekkuna.

Að réttarins áliti verður eigi talið, að ákærði hafi ekið bifreiðinni M 37 óeðlilega hratt frá Þverárrétt 28. sept. s.l. Hins vegar verður að telja, að hann hafi eigi sýnt nauðsynlega aðgæzlu, er hann skipti eigi um ganghraðastig, er hann mætti bifreiðinni M 145. Loks verður að telja, að honum hafi orðið mistök á, er hann, eftir að hafa orðið þess var, að hægra framhjól bifreiðarinnar var komið út af veginum, rýndi að aka bifreiðinni áfram í hliðarhalla og sveigja hana upp á veginn aftur, í stað þess að beita hemlum bifreiðarinnar og freista að stöðva hana á brekkubrúninni. Mátti honum vera ljóst, að er bifreiðin tók að hallast, hlaut farmur sá, er var á palli bifreiðarinnar, 20 kindur, að flytjast á hægri helming bifreiðarpallsins, en við það jókst stórlega hættan á því, að bifreiðin ylti niður brekkuna. Verður að telja, að þetta gáleysi hans hafi valdið dauða þeirra tveggja manna, er létust í bifreiðarslysinu, og meiðslum þeirra annarra manna, er í bifreiðinni voru.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið gegn 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 9. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, svo og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, sé hún eigi

greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Gestsson, afgreiðslumaður í Borgarnesi, greiði 3000 — þrjú þúsund — króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 — tuttugu — daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur rétti til að stjórna bifreið í 3 — þrjú — ár frá birtingu dóms þessa.

Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. október 1957.

Nr. 12/1956. **Hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins**  
(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Stjórnarnefnd ríkisspítalanna**  
(Sigurður Ólason hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-  
son og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og  
Ólafur Jóhannesson.

Um skyldu sveitarfélags að framfæra mann.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1956, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þar sem úrlausn um sveitfesti Soffiu Tryggvadóttur bar undir yfirvöld, má samkvæmt lögjöfnun frá 1. og 11. gr.